

# STJÓRNARTÍÐINDI A 28 – 1998

Nr. 164

598

31. desember 1998

## LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að auka hlutfé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum og hækka útlánaramma vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja aukningu á hlutfé Norræna fjárfestingarbankans um 1.191.445.142 ECU, úr 2.808.554.858 í 4.000.000.000 ECU. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að auka hlutfé Íslands í Norræna fjárfestingarbankanum um 11.914.451 ECU og greiða jafnvirði 321.538 ECU á árunum 1999–2001, auk 678.462 ECU úr hlut Íslands í afskriftasjóði bankans.

2. gr.

Ríkisstjórninni er fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja hækkun á útlánarömmum Norræna fjárfestingarbankans vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna utan Norðurlanda (PIL) úr 2.000.000.000 í 3.300.000.000 ECU frá 1. janúar 1999.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að samþykkja breytingar á 2., 3. og 6. gr. samþykta bankans í samræmi við þær breytingar sem kveðið er á um í 1. og 2. gr. laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 31. desember 1998.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*